

Verkfræðistofan Afl og Orka ehf
Hringhella 9 A 9A
200 Hafnarfjörður

Garðabær, 2. október 2024
Málsnúmer: 202409-0034
BK

Efni: Fossárvirkjun í Húnabyggð

Vísað er í tölvubréf frá Afl og Orka ehf. sem barst þann 17. september 2024 þar sem er óskað eftir athugasemdum frá Náttúrufræðistofnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Fossá og Langavatnsá með vatnsmiðlun í Langavatn.

Virkjunin er á vinnslustigi og er áætlað að hún verði um 3,5 til 5 MW að uppsettu afli og geti framleitt um 17 GWh/ári. Stöðvarhús verður staðsett austan við Örlygsstaðasel, en ekki kemur fram hvernig tengingu við flutningsnet raforku verður háttáð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnst sér lýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Framkvæmdasvæðið er innan svæðis (Skagi) sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár út frá verndun vistgerða á landi, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/nordvesturland/skagi>).

Fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist af miklu votlendi sem fellur sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013). Nálæg vötn og fossar falla einnig undir sömu lagagrein. Þá fellur svæðið undir skilgreiningu náttúruverndarlaganna um óbyggð víðerni og 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar flokkast votlendið undir starungsmýravist, runnamýravist á láglendi og tjarnastararflóavist sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Milli votlendisfláka eru svo ásar með ýmsum mólendisvisgerðum.

Í slíkri mósaík vistgerða er að vænta mikils þéttleika mófugla sem margir hverjir flokkast til ábyrgðartegunda Íslands, þ.e. um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýta Ísland til varps. Þá má reikna með fjölda vatnafugla, m.a. himbrima, álft og duggönd en hlutfallslegur fjöldi þessara tegunda sem verpa á Skaga er ein forsenda þess að svæðið er tilnefnt á B-hluta náttúruminjasrár vegna fugla.

Ekki er vitað til þess að jarðfræði framkvæmdasvæðisins, berg- og jarðgrunnur, hafi verið kortlögð í nákvæmum mælikvarða og merkar jarðminjar eru óþekktar innan svæðisins.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að virkjun á þessum slóðum muni óhjákvæmilega fylgja umtalsvert rask á lítt snortnu víðerni, ríku af náttúruminjum.

Komi til framkvæmda telur stofnunin það mikilvægt að leitað verði samninga við aðra landeigendur um að nýta fyrirliggjandi vegslóða sé þess nokkur kostur og gera þarf betur grein fyrir efnisþörf og efnistökusvæðum. Kortleggja þarf vistgerðir og jarðminjar af meiri nákvæmni og kanna fuglalíf á varptíma, einkum á vötnum og ám sem verða fyrir áhrifum af völdum virkjunar. Þá þyrfti einnig að rannsaka annað vatnalífiríki sem virkjun gæti haft áhrif á.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en áskilur sér rétt til þess síðar.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

